

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögreglugögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í 33. gr. lögreglugaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lög-reglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmti- stað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmti- stöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um störf sín 11. júlí 2002. Í skýrslunni kemur m.a. fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggist á ótraustum lagagrundvelli og að umbóðsmaður Alþingis hafi oftast en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Bent er á að nauðsynlegt sé að setja skýrari laga- ramma á þessu sviði.

Helstu reglur um þessi atriði er að finna í reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmt- unum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sem sett var í gildistíð laga um lögreglumenn nr. 56/1972, sem lögreglugög, nr. 90/1996, leystu síðar af hólmi, og laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Skemmtana- og mótshald Íslendinga hefur breyst verulega síðan þessi ákvæði voru lögfest. Þá er að finna ákvæði í lögum nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, þess efnis að í lögreglusamþykkt skuli kveðið á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem að tryggja öryggi fólks, reglu og vel- sæmi á almannafæri, hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími o.fl. Jafnframt er kveðið á um að í lögreglusamþykkt skuli vera ákvæði um það hvernig greiða skuli þau útgjöld sem ákvæði hennar hafi í för með sér. Í lögreglusamþykktum er almennt ekki tekið á þátttöku almennings í löggæslukostnaði og reglugerð um lögreglusamþykktir hefur ekki verið sett þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 36/1988. Dómsmálaráðherra mun hins vegar hafa sett viðmiðunarreglur um leyfi fyrir útisamkomur.

Nýleg dæmi sýna við hvaða vandamál er að etja. Ungmennafélag Íslands var síðastliðið sumar krafði um greiðslu fyrir löggæslu á íþróttamóti sem haldið var um verslunarmanna- helgina þrátt fyrir að aðgangur væri ókeypis. Grundvöllur kröfu lögreglustjóra um greiðslu fyrir löggæslukostnað virðist byggjast á því að um skemmtun sé að ræða sem skemmtanaleyfi

þurfi fyrir og þá jafnframt að um „skemmtistað“ sé að ræða. Í lögnum er ekki skilgreint hvers konar skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi eða hvað sé „skemmtistaður“ í skilningi laganna. Ákvæði reglugerðarinnar mæla svo fyrir um hvaða skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi og teljist þar með gjaldskyldar samkvæmt lögnum.

Lagaramminn um þátttöku í löggæslukostnaði er því mjög ótraustur og reglugerð nr. 587/1987 byggist vægast sagt á mjög hæginni lagastoð. Dómsmálaráðherra hefur ekkert aðhafst til að gera nauðsynlegar breytingar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis og niðurstöðu skýrslu starfshóps sem hann skipaði sjálfur fyrir tveimur árum. Nauðsynlegt er að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði.

Flutningsmaður frumvarpsins telur rétt að ríkið beri allan löggæslukostnað eins og aðalregla 33. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir og leggur því til að 34. gr. laganna verði felld brott. Samkvæmt lögum er það íslenska ríkið sem á að halda uppi allsherjarreglu í landinu og lögreglustjórum er falið að meta hvað til þurfi hverju sinni. Af þeim sökum er rétt að ríkið beri eitt þann kostnað.